

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 832/2012

2013/EES/16/36

frá 17. september 2012

um leyfi fyrir ammóníumklóríðblöndu sem fôðuraukefni fyrir eldislömb (leyfishafi er Latochemia Co. Ltd) (*)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir ammóníumklóríði. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir ammóníumklóríðblöndunni, sem tilgreind er í viðaukanum, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fôðuraukefni fyrir eldislömb.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álit sínu frá 31. janúar 2012⁽²⁾ að ammóníumklóríðblandan, sem tilgreind er í viðaukanum, hafi, við tillögð notkunarskilyrði og þegar hún er gefin í takmarkaðan tíma, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna

eða á umhverfið og að notkun hennar geti lækkað pH-gildið í þvagi úr eldislömbum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á ammóníumklóríðblöndunni sem tilgreind er í viðaukanum sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnun „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fôður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. september 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stj. 2012, L 251, 18.9.2012, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

(¹) Stj. 2003, L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(²) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10 (2), 2569.

VIÐAUKI

| Kenninúmer aukefnisins | Nafn leyfishafa | Aukefni | Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarksinnihald | Hámarksinnihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|--|----------------------|---------------------|---|----------------------------|--------------|--|-----------------|--|-----------------|
| | | | | | | mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi | Hámarksinnihald | | |
| Flokkur dýræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýræktaraukefni (lættun pH-gildis í þvagi) | | | | | | | | | |
| 4d7 | Latochema Co. Ltd | Ammóníum- klóríð | <p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Ammóníumklóríð $\geq 99,5\%$ (Fast form)</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Ammóníumklóríð $\geq 99,5\%$ NH₄Cl CAS nr.: 12125-02-9</p> <p>Natriumklóríð $\geq 0,5\%$</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p> <p><i>Greiningaraðferð⁽¹⁾</i></p> <p>Magnákvörðun ammóníumklóríðs í fýruraukefni: titrun með natriumhýdroxíði (Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 0007) eða titrun með sílfurnítrati (sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðahelbrigðismálast ofnumarinnar um aukefni í matvælum, gæðalýsing efnis „ammóníumklóríð“).</p> | Eidislömb | — | — | 10 000 | <p>1. Aukefnið skal vera í forblöndu þegar það er notað í fýður.</p> <p>2. Væðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunaryörn, augnhlíf, hlífðarhanska og hlífðarfatnað.</p> <p>3. Fýður sem inniheldur aukefnið skal ekki gefa lengur en í þrjú mánuði.</p> | 8. október 2022 |

(1) Upplýsingar væðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofnunar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx